



Um samantekt heimildaskráa

**Hákon Aðalsteinsson**

**Greinargerð HA-80/02**

Um samantekt heimildaskráa.

Heimildaskránum er ætlað að safna á einn stað sem mestu af því sem hefur verið skráð um náttúruferar 1) einstakra svæða 2) Íslands almennt.

Heimildaskrá fyrir .....  
Aðalmaður .....  
Aðstoðarmenn .....

Markmiðið er að safna saman því sem hefur verið skráð um umhverfisþætti, bæði lífræna og ólífræna. Hreinræktuðum mannvirkjaskýrslum má sleppa, enda hefur verið vitnað til slíkra í yfirlitinu um viðkomandi virkjun, auk þess sem HT er að semja yfirlit um sjálfar virkjanirnar. Það er erfitt að benda á aðra takmörkun, en þá sem felst í markmiðinu.

Oft er minnst á þætti eins og gróðurfar, örnefni landslag eða söguleg atriði, sem varða viðkomandi svæði, í bókum um aðskiljanlegustu efni. Þá er æskilegt að gefin sé tilvísun til bls. eða kafla sem við á. Þó undirritaður ætli sér að reyna að leit uppi það helsta, sem er að finna um líffræði, þá er vel þegið að fá skrá yfir það sem þið hafið á takteinum eða rekist á.

Meðfylgjandi er listi yfir það sem ég studdist við í lýsingunni á virkjunarhugmyndinni, ásamt tilvísun í skýrslur um umhverfisáhrif, sem hafa verið unnar meira eða minna fyrir stofnunina. Auk þeirra eru nokkur rit sem ég hef rekist á og varða þetta svæði eða landið almennt.

Hver aðalmaður fær 100 spjöld, sem nota ber við skráninguna (viðbót fæst hjá undirrituðum). Skráningin skal fylgja staðli stofnunarinnar (PI.79.11.30.). Hugmyndin er að skrá þetta inn á tölvu af spjöldunum. Til þess að auka enn frekar á gildi þessarar samantektar viljum vér biðja menn að merkja spjöldin með einhverjum af þeim efnisatriðaorðum, sem KE gerir grein fyrir (KE-80/01). Til glöggvunar fylgir hér ljósrít af þremur skráningum. Ef menn geta ekki felld sig við að nota eitthvað af þeim atriðisorðum sem hér fylgja með er þess æskt að menn haldi þeim

1980-03-14

---

ágreiningi sér, því reynt verður að kerfa það einnig. Því er mönnum bent á að hafa samband við HA eða KE í slíkum tilfellum.

Ennfremur vil ég nota tækifærið til að benda jarðfræðingum á OS á, að bókavörður jarðfræðideildar HÍ er að vinna að sem fullkomnastri skrá yfir rit um íslenska jarðfræði, og er sama atriðaorða kerfi og við styðjumst við notað. Það er mjög vel þegið af bóka-verðinum (Halldóru Þorsteinsdóttur) að fá að fara yfir góð sérprentasöfn jarðfræðinga og eru það tilmæli að þeir sem telja sig eiga gott einkasafn hafi samband við hana.

Heimildaskrárnar, færðar á spjöld, skulu hafa borist undirrituðum fyrir 5. maí 1980.